


Skólanámskrá Öskjuhlíðarskóla – 1. hluti

Starfsáætlun
skólaárið 2009 – 2010


Öskjuhlíðarskóli



stofnaður 1975

Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu skólans
<http://www.oskjuhliðarskoli.is>

Öskjuhlíðarskóli



Suðurhlíð 9
105 Reykjavík
Sími 4117950
Fax 568 9774

Netfang osk@oskjuhlidarskoli.is
Veffang <http://www.oskjuhlidarskoli.is>

Skólastjóri Dagný Annasdóttir, dagnyannas@oskjuhlidarskoli.is
Aðstoðarskólastjóri Jóhann A. Kristjánsson, jak@oskjuhlidarskoli.is
Deildastjóri Hildur Eggertsdóttir, hildur6@oskjuhlidarskoli.is

Efnisyfirlit

Til foreldra og forráðamanna	4
Um Öskjuhlíðarskóla	4
Rekstur – fjármál	5
Húsnæði	5
Öryggismál	5
Skóladagatal	5
Ýmsar hefðir og atburðir á skólaárinu	5
Skólastarf	6
Skipulag skólastarfs	6
Námsáætlanir	6
Námsmat	6
Starfsfólk	7
Skólareglur	8
Viðtalstímar kennara, þroskaþjálfra og leikskólakennara	8
Símenntun starfsfólks	8
Kannanir og rannsóknir	8
Skólaráð	9
Með tilkomu skólaráða voru kennara- og foreldraráð aflögð.	9
Ráðgjöf	9
Stoðþjónusta	9
Viðverutímar sérfræðinga	9
Félagsráðgjöf	9
Heilsugæsla	9
Sálfræðiþjónusta	10
Sjúkra- og iðjuþjálfun	10
Skólatannlækningar	10
Ýmsar upplýsingar	10
Forföll	10
Leyfi	11
Óveður	11
Nestistími	11
Hádegisstund – skólamáltíðir	11
Sundnámskeið	11
Félagsstörf nemenda	11
Skólaakstur	11
Skóladagvist	12
Foreldra- og styrktarfélag Öskjuhlíðarskóla	12
Íþróttafélagið Ösp	12

Til foreldra og forráðamanna

Allir skólar eiga að setja sér skólanámskrá og skal hún vera í stöðugri endurskoðun. Kennarar, sérgreinakennarar, þroskaþjálfar og leikskólakennarar í bekkjarstarfi koma allir, ásamt stjórnendum skólans, að því að semja og endurskoða skólanámskrána. Starfsáætlun þessi er hluti skólanámskrár Öskjuhlíðarskóla. Skólanámskráin er aðgengileg á heimasíðu skólans: <http://oskjuhlidarskoli.is>.

Vegna sérstöðu nemenda skólans er nám þeirra að miklum hluta einstaklingsmiðað þar sem tillit er tekið til fötlunar og mismunandi námslegra þarfa nemendanna. Slíkar einstaklingsnámskrár, sem eru hluti skólanámskrár, eru kynntar foreldrum og leitað þeirra álits á þeim í upphafi skólaárs. Gerðar eru námsáætlanir fyrir bekkjardeildir og hópa þar sem því verður við komið, m.a. í samfélagsfræði og sérgreinum. Einstaklingsnámskrár eru afhentar foreldrum en hópáætlanir fyrir bekkjardeildir eru aðgengilegar á heimasíðu skólans

Ýmsar hagnýtar upplýsingar er að finna í starfsáætluninni. Vonast er til að starfsáætlunin gefi ykkur nokkra heildarmynd af því starfi sem fram fer í skólanum og af þeirri þjónustu sem nemendum og ykkur foreldrum stendur til boða.

Með kveðju,
Skólastjóri

Um Öskjuhlíðarskóla

Öskjuhlíðarskóli er sérskóli fyrir börn með þroskahömlun og fjölfatlaða á aldrinum 6 - 16 ára (skyldunám 1.-10. bekkur). Skólinn er einn af grunnskólum borgarinnar og stendur við Suðurhlíð 9 Reykjavík. Við skólann starfa margar ólíkar fagstéttir og eru starfsmenn um 100 talsins. Í vetur stunda 90 nemendur nám við skólann, frá Reykjavík og úr nágrennsbyggðalögum. Skólinn veitir einnig ráðgjöf til annarra grunnskóla landsins. Dagný Annasdóttir tók við starfi skólastjóra 1. mars 2006 af Einar Hólm Ólafssyni sem gegnt hafði starfinu í tæp 20 ár.

Starf skólans byggir á lögum um grunnskóla nr. 91/2008, 17. grein aðalnámskrár grunnskóla.

Meginmarkmið og áherslur skólans eru:

Að veita börnum með þroskahömlun og fjölfötlunum nemendum kennslu og þjálfun við hæfi hvers og eins.

Að veita starfsfólki annarra grunnskóla ráðgjöf og stuðning vegna nemenda með svipaðar þarfir og nemendur Öskjuhlíðarskóla hafa.

Að gera nemendur hæfa til þátttöku í samfélaginu á sem flestum sviðum eftir því sem geta þeirra leyfir. Námslegar áherslur eru nánar skilgreindar í skólanámskrá og á grundvelli hennar eru gerðar einstaklingsnámskrár og valin markmið og viðfangsefni við hæfi hvers nemanda. Einstaklingsáætlanir eru unnar í byrjun september hvers árs og í samstarfi við foreldra og forráðamenn. Einnig eru gerðar bekkjaráætlanir í upphafi hvers skólaárs og kynntar fyrir öllum sem málið varðar.

Nemendur

Nemendur við upphaf skólaársins 2009 – 2010 eru 85. Flestir eiga lögheimili í Reykjavík, en aðrir koma úr nágrennsveitarfélögum,

Starfsreglur um innritun nemenda eru:

- Áður en sótt er um skólavist er foreldrum/forráðamönnum boðið upp á viðtal og heimsókn í skólann.
- Umsóknir um skólavist skulu sendar skólastjóra.
- Foreldrar/forráðamenn væntanlegra nemenda sækja um skólavist fyrir börn sín.
- Umsóknir þurfa að berast u.þ.b. hálfum mánuði fyrir inntökufund, sem haldinn er í lok apríl ár hvert.
- Með umsókn þarf að fylgja greinargerð greiningaraðila og aðrar tiltækar upplýsingar, ef þær liggja fyrir, t.d. umsögn kennara o.fl.
- Fjallað er um umsóknir á inntökufundum sem skólastjórnendur, deildarstjórar, sálfræðingur og félagsráðgjafi skólans sitja ásamt fulltrúa Menntasviðs Reykjavíkur.

Við innritun nemenda er m.a. tekið mið af:

- Fyrirliggjandi greiningu á fötlun nemanda.
- Óskum foreldra.
- Möguleikum skólans til að veita viðkomandi nemanda námstilboð við hans hæfi.
- Lögum um grunnskóla – einkum m.t.t. þess að sýnt hafi verið fram á að í hverfisskóla/heimaskóla sé ekki unnt að veita nemandanum viðunandi námsskilyrði. Enda segir í lögum um grunnskóla að meginstefnan skuli vera sú að kennslan fari fram í heimaskóla.
- Námstilboðum annarra sérskóla.

Þessum vinnuaðferðum er m.a. ætlað að tryggja, að öll hugsanleg úrræði hafi verið athuguð í hverfis- eða heimaskóla viðkomandi barns, áður en sótt er um skólavist í Öskjuhlíðarskóla. Nemendur útskrifast yfirleitt að loknu námi í 10. bekk en eitt af markmiðum skólastarfsins er að útskrifa nemendur, sem taldir eru hafa til þess möguleika, í almenna skóla. Skólinn veitir eftirfylgd og ráðgjöf við útskrift nemenda í aðra skóla. Nemendur Öskjuhlíðarskóla gangast ekki undir samræmd próf en nemendur fá skriflegan vitnisburð í lok hvers skólaárs.

Rekstur – fjármál

Öskjuhlíðarskóli er rekinn af Reykjavíkurborg og heyrir undir Menntasvið Reykjavíkur. Skólastjóri gerir rekstraráætlun fyrir skólann varðandi kennslumagn, starfsmannahald, viðhald og aðra þætti í daglegum rekstri skólans. Skólinn þjónar nemendum af öllu landinu. Sveitarfélög utan Reykjavíkur greiða námsvistargjöld fyrir nemendur viðkomandi sveitarfélaga. Ráðgjöf sem kennarar skólans veita utan Reykjavíkur er greidd af viðkomandi sveitarfélagi. Foreldrum gefst kostur á að kaupa aðsendan mat í hádeginu fyrir börn sín frá Eldhúsi sælkerans.

Húsnæði

Í skólanum eru 12 almennar kennslustofur og 7 hópherbergi í tengslum við þær, 5 sérgreinastofur, matsalur nemenda, lítill leikfimisalur og eitt tölvuherbergi. Aðstaða er fyrir sjúkra- og iðjuþjálfun, talkennslu, heilsugæslu og tannlækni. Einnig er bókasafn, námsgagnasafn og skynörvunaraðstaða í skólanum. Vinnuaðstaða og kaffistofa starfsfólks, ásamt skrifstofum skólastjórnenda, deildarstjóra, sálfræðings og félagsráðgjafa eru miðsvæðis í skólabyggingunni. Umhverfis skólinn er rúmgott afgirt leiksvæði. Sundkennsla fer fram í Sundhöll Reykjavíkur, í sundlaug Öryrkjabandalagsins við Hátún og í sundlaug Endurhæfingarstöðvar Landspítalans í Kópavogi. Einnig hefur skólinn afnot af íþróttasal í Íþróttahúsi fatlaðra við Hátún.

Öryggismál

Í Öskjuhlíðarskóla er öryggiskerfi sem tengt er stjórnstöð Securitas. Þetta kerfi er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða eldvarnarkerfi og hins vegar þjófavarnarkerfi.

Starfsmannafundur kýs öryggistrúnaðarmann að hausti og er hlutverk hans að fylgjast með öllum atriðum sem tengjast öryggismálum í skólanum, benda á ef eitthvað skapar hættu og koma með tillögur til úrbóta. Öryggistrúnaðarmaður hefur, ásamt umsjónarmanni og skólastjórnendum, komið að skipulagningu eldvarnaæfinga sem haldnar eru í samvinnu við Securitas og forvarnardeild Slökkviliðsins.

Öll mönnum í skólanum miðast við að tryggja ákveðin öryggismörk og á það jafnt við um skólastarfið í kennslustundum, frímínútum og í skóladagvist. Atriði sem varða öryggi einstakra nemenda eru kynnt sérstaklega á starfsmannafundum.

Starfsmönnum skólans býðst fræðsla um fyrstu hjálp.

Skóladagatal

Ýmsar hefðir og atburðir á skólaárinu

- Skógræktarferð 6. – 10. bekkjar í landspildu skólans í Skólaskógum við Úlfljótsvatn 22. september.

- Haustlitaferð 1. – 5. bekkjar 30. sept.
- Norræna skólahlaupið í lok sept.
- Menningarvika 2.-6. nóvember.
- Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember haldinn hátíðlegur..
- Jólaskemmtanir föstudaginn 18. des.
- Kynningarfundur um sérdeildir framhaldsskólanna verður haldinn um mánaðarmót janúar og febrúar fyrir foreldra nemenda í 9. og 10. bekk.
- Þorablót verða um mánaðarmót janúar og febrúar.
- Öskudagsgleði miðvikudaginn 17. febr.
- Bekkjarkvöld eru einu sinni á skólaárinu í hverjum bekk.
- Þemavika 15.-19. mars
- Í lok maí verður íþróttahátíð í Íþróttahúsi Kennaraháskólans, ratleikjadagur og vorhlaup.
- Vorferðalög verða í maí.
- Vorhátíð 5. júní og skólaslit verða þriðjudaginn 8. júní.
- Veitingar í boði skólans fyrir útskriftarnemendur og foreldra þeirra að loknum skólaslitum

Skólastarf

Skipulag skólastarfs

Skóladagurinn í Öskjuhlíðarskóla er um flest líkur hefðbundnum skóladegi í almennum grunnskóla. Skólinn er einsetinn. Kennslustundafjöldi á viku tekur mið af kennslustundafjölda samsvarandi árganga í hinum almenna grunnskóla. Samsetning bekkjardeilda ræðst af aldri nemenda og hámarksfjölda í bekk, en ekki af fötlun nemenda. Mikil breidd er því innan bekkjardeildanna, bæði hvað varðar námslega og félagslega stöðu nemenda. Í sumum tilvikum er bekkjardeildum skipt upp hluta úr deginum og myndaðir hópar á svipuðu getustigi óháð aldri nemenda.

Námsáætlanir

Nám nemenda í Öskjuhlíðarskóla er að mestum hluta einstaklingsmiðað. Í byrjun skólastarfs á haustin vinna kennarar og annað starfsfólk bekkjardeilda að gerð einstaklingsnámskráa og áætlana fyrir bekkjardeildir út frá fyrirliggjandi upplýsingum. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir nemendur m.a. í móðurmáli og stærðfræði og öðrum þeim námsþáttum sem aðlaga þarf sérstaklega að þörfum einstakra nemenda. Drög að einstaklingsnámskrám eru kynntar fyrir foreldrum og óskað þeirra áhlits. Í samfélagsfræðigreinum og sérgreinum (myndmennt, tónmennt, heimilisfræði, íþróttum, hönnun/ smíði og textílmenn) eru gerðar hópáætlanir. Hópáætlanir og einstaklingsnámskrár eru kynntar fyrir deildarstjórum og skólastjórnendum. Einstaklingsnámskrár eru afhentar foreldrum en bekkjaráætlanir eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Einstaklingsnámskrár eru breytilegar og í sífelldri endurskoðun. Foreldrar eru boðaðir í viðtöl að hausti og skömmu eftir áramót vegna einstaklingsnámskráa og endurskoðunar þeirra. Í maímánuði berst foreldrum skriflegt námsmat og eru viðtöl í kjölfar þess.

Námsmat

Námsmat skólans fer oft fram með símati. Að auki fer fram skipulagt stöðumat tvisvar á ári, í janúar og maí. Sterkar hliðar skólans varðandi námsmatið lýsa sér í því hversu fjölbreyttur fagmannahópurinn er sem vinnur saman að einstaklingsáætlunum og námsmati nemendanna. Stefnt er að því að auka þátt foreldra að þessum þætti

Menntamálaráðherra setur í reglugerð ákvæði um með hvaða hætti skuli fylgst með námsárangri nemenda í sérskólum og hjá öðrum þeim nemendum á skyldunámsaldri er taldir eru víkja svo frá almennum þroska að þeim henti ekki próf skv. 46. gr. (Lög um grunnskóla nr. 66/1995, 48. gr.).

Í reglugerð um námsmat segir: Hver sérskóli / sérdeild skal setja sér starfsreglur samkvæmt 38. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla. Í starfsreglunum skal m.a. kveðið á um frávik frá kennslu samkvæmt lögum og aðalnámskrá grunnskóla og hvernig staðið skuli að gerð námsáætlana fyrir einstaklinga eða nemendahópa. Í námsáætlunum sérskóla / sérdeilda og námsáætlunum fyrir aðra nemendur samkv. 1. grein skulu koma fram námsmarkmið og lýsing á námsmati. (Reglugerð nr. 709/1996, 2.gr.).

Við mat á námsárangri nemenda Öskjuhlíðarskóla þurfa allar viðmiðanir um hraða, tileinkun og færni að miðast við nemandann sjálfan og það námsefni sem honum er ætlað að læra samkvæmt einstaklingsnámskrá. Próf og atriðalistar eru samdir af kennurum og þroskaþjálfum skólans út frá námskrá viðkomandi nemenda hverju sinni. Samræmd könnunarpróf, viðmiðunarlistar, einkunnaskalar og námsefni fyrir aldursvarandi nemendur eru því einungis til hliðsjónar fyrir kennara

Öskjuhlíðarskóla, þar sem það á við, þegar þeir vinna að gerð námskráa og mati á námsárangri nemenda sinna. Umsagnir um framvindu náms nemenda eru í formi umsagna (vitnisburða) í samfelldu máli. Sem áður segir eru foreldrar nemenda boðaðir í viðtal í kjölfar heimsendingar námsmatsins í þeim tilgangi að þeir og umsjónarkennarar geti í sameiningu farið yfir stöðu nemandans í námi, miðað við þá einstaklingsnámskrá sem gerð var við upphaf námstímans og meta hvaða megináherslur skuli lagðar til grundvallar við gerð næstu námskrár fyrir viðkomandi nemanda.

Starfsfólk

Starfsfólk Öskjuhlíðarskóla er skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildastjóri yngri og eldri deilda, sérkennarar, kennarar, þroskaþjálfar, leikskólakennarar, sálfræðingur, félagsráðgjafi, skrifstofustjóri, stuðningsfulltrúar og umsjónarmaður fasteigna, auk starfsfólks við ræstingu. Hjúkrunarfræðingur kemur frá Heilsugæslu Hlíðasvæðis. Iðjuþjálfari og sjúkrapjálfarar koma frá Æfingastöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra. Talmeinafræðingur frá Talþjálfun Reykjavíkur sinnir greiningu og ráðgjöf. Tannlæknir starfar einn dag í viku í skólanum. Þá er skólinn í samstarfi við Tónstofu Valgerðar Jónsdóttur.

Starfsmannafundir, deildafundir og samráðsfundir sérgreinakennara og bekkjadeilda eru haldnir á miðvikudögum að loknum skólatíma nemendanna. Á þessum fundum er vettvangur fyrir upplýsingar, skoðanaskipti og umræður um skipulag og áherslur í skólastarfinu. Fræðsluerindi og verkefnavinna af ýmsum toga er sett á mánudaga. Aðra daga vikunnar sinna kennarar, þroskaþjálfar og leikskólakennarar ýmsum skyldustörfum auk undirbúnings kennslu að loknum skólatíma nemendanna.

Skólareglur

Samskipti í skólanum skulu grundvallast á gagnkvæmri virðingu, kurteisi og tillitssemi

Stundvísi

Nemanda ber að mæta stundvíslega í skólann.

Fjarvistir

Fjarvistir og veikindi skal tilkynna til skólans eins fljótt og auðið er. Alltaf þarf að sækja um leyfi fyrir nemanda. Umsjónarkennari getur veitt nemanda tveggja daga leyfi. Ef leyfið stendur lengur en tvo daga þarf að sækja um það sérstaklega til skólastjóra.

Nestismál og klæðnaður

Nemendur eiga að hafa með sér hollt og gott nesti í skólann og vera klæddir samkvæmt veðri.

Framkoma og hegðun

Nemendur skulu ganga vel um skólann jafnt innan dyra sem utan. Nemandi skal sýna sjálfum sér, bekkjarsystkinum og skólasystkinum virðingu sem og öllu starfsfólki skólans. Þeir nemendur skólans sem ekki geta farið eftir almennum umgengnireglum sökum fötlunar sinnar fá til þess sérstaka aðstoð / stýringu frá fagfólki og öðru starfsfólki skólans (Sjá nánar í 4. hluta skólanámskrár, bls. 6).

Lyf

Óheimilt er að senda lyf með nemendum í skólann. Forráðamönnum ber að koma lyfjum sem börn þurfa að taka á skólatíma til hjúkrunarfræðings eða ritara skólans.

Skólaakstur

Skólaakstur er þjónusta rekin af Strætó bs. Forráðamenn nemenda bera sjálfir ábyrgð á að koma upplýsingum til skólabílstjóra um breytingar varðandi akstur nemenda til og frá skóla.

Skóladagvist

Forráðamenn bera sjálfir ábyrgð á að koma upplýsingum um breytingar varðandi skóladagvist hjá börnum sínum til forstöðumanna skóladagvistar.

[Viðtalstímar kennara, þroskaþjálfara og leikskólakennara](#)

Símenntun starfsfólks

Símenntunaráætlun Öskjuhlíðarskóla er kynnt starfsmönnum skólans á haustönn og gildir út skólaárið. Símenntun getur t.d. falið í sér að starfsmenn sækji námskeið í skólanum eða utan hans, að þeir vinni að umbóta- eða þróunarverkefnum, stundi sjálfsnám, myndi leshringi og fari í skólaheimsóknir. Kennarar, þroskaþjálfarar, leikskólakennarar, stuðningsfulltrúar, umsjónarmaður og ritari velja sér þætti inn á símenntunaráætlun sína í samræmi við áætlun skólans.

Markmið með símenntun eru að:

- Auka þekkingu starfsmanna á hinum fjölbreyttu fötlunum sem nemendur skólans hafa, sérstökum þörfum nemenda og sérstökum viðbrögðum og vinnuaðferðum sem tengjast fötlun nemenda.
- Auka þekkingu starfsmanna á skólanámskrá Öskjuhlíðarskóla, námsefni og kennsluaðferðum einstakra námsgreina/námsþátta.
- Efla starfsleikni starfsmanna, kunnáttu í notkun ýmissa kennslutækja, auka færni í notkun tölva bæði við skipulag og verkefnagerð og í vinnu með nemendum og stuðla að góðri framkomu og samskiptum starfsmanna í milli og við nemendur.
- Auka yfirsýn og þekkingu starfsmanna á skólakerfinu, nýjungum í kennsluháttum og skólastarfi t.d. með þátttöku í ráðstefnum og fundum þar sem nýjungar eru kynntar og hugmyndum miðlað.
- Efla starfsanda og vinnugleði innan skólans.

[Sjá símenntunaráætlun skólans](#)

Kannanir og rannsóknir

Í skólastarfi er nauðsynlegt að gefið sé svigrúm til kannana og rannsókna. Metið er í hverju tilviki hvort slíkt eigi erindi inn í skólann og ef svo er, er þess vandlega gætt að farið sé að öllum reglum um trúnaðarskyldu og að leyfi Persónuverndar sé fyrir hendi þar sem það á við.

Skólaráð

Með tilkomu skólaráða voru kennara- og foreldraráð aflögð.

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsveittvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólalald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólalaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar. Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári.

Ráðherra setur reglugerð um starfsemi skólaráða í samráði við samtök sveitarfélaga, kennara og foreldra.

Skipan í ráðið

Skólastjóri er sjálfskipaður í ráðið, aðrir eru kosnir til tveggja ára í senn. Fulltrúar starfsfólks eru kosnir á starfsmannafundi í upphafi skólaárs, fulltrúar nemenda eru valdir úr hópi fulltrúa í nemendaráði, fulltrúar foreldra voru kosnir á aðalfundi foreldrafélagsins þann 17. september 2008 og var ákveðið að fulltrúi úr grenndarsamfélaginu var fulltrúi foreldra þar sem ekki er um hefðbundinn hverfisskóla að ræða.

Skólaráð 2009- 2010, hlutverk og verkefni

Skólaráð Öskjuhlíðarskóla 2009- 2010

Ráðgjöf

Ráðgjöf Öskjuhlíðarskóla felst fyrst og fremst í ráðgjöf til starfsfólks annarra grunnskóla sem leita ráðgjafar vegna nemenda sinna. Ráðgjöfin er veitt þeim sem bera ábyrgð á kennslu og þjálfun viðkomandi nemenda. Ráðgjafarþroskajálfi tekur við beiðnum á þar til gerðum eyðublöðum sem finna má á heimasíðu skólans. Ráðgjafabeiðnirnar eru metnar með tilliti til þess hvernig best sé að mæta þeim innan skólans. Kallaðir eru til fagaðilar innan skólans til að sinna ráðgjöf, allt eftir eðli og umfangi hverrar beiðni fyrir sig.

Umsjón með ráðgjöf hefur Hansína G. Skúladóttir, ráðgjafarþroskajálfi.

Stoðþjónusta

Viðverutímar sérfræðinga

Félagsráðgjöf

Meginverksvið félagsráðgjafa skólans er að kynna fyrir foreldrum þá þjónustu sem fjölskyldum fatlaðra barna stendur til boða í samfélaginu samkvæmt lögum og reglugerðum og aðstoð við útvegum hennar. Má þar m.a. nefna aðstoð við gerð samninga um liðveislu og kynningu og útvegum á skammtímavistun og stuðningsfjölskyldum. Félagsráðgjafi skólans tengist málum er varða aðbúnað barna, samkvæmt lögum um vernd barna og ungmenna frá árinu 2002. Félagsráðgjafi vinnur í tengslum við félagsmálastofnanir sveitarfélaga, svæðisskrifstofur um málefni fatlaðra, Styrktarfélag vangefinna og Tryggingastofnun ríkisins. Félagsráðgjafi er í náinni samvinnu við kennara skólans, hjúkrunarfræðing, sálfræðing og skólastjórnendur um mat á þörf og útvegum þjónustu. Foreldrar eru hvattir til að hafa samband sé þörf á aukinni þjónustu við heimili og/eða barn.

Félagsráðgjafi skólans er Ólafur Þór Jóhannesson

Heilsugæsla

Heilsugæsla skólans gegnir tvíþættu hlutverki, annars vegar almennri heilsuvernd, ráðgjöf og fræðslu og hins vegar þjónustu sem tengist fötlun nemenda.

Meginþættir:

- Eftirlit með heilsu og líkamlegu ástandi nemenda, skoðun 6 ára nemenda.
- Vörn gegn smitsjúkdómum með bólusetningum nemenda í 4. bekk og 9. bekk, sjónpróf og eftirlit með vandamálum tengdum næringu og þyngd.
- Móttaka og dreifing lyfja vegna þeirra nemenda sem þurfa að taka lyf á skólatíma.
- Almenn heilbrigðisfræðsla, þar með kynfræðsla og ráðgjöf um næringu og mataræði.
- Viðbrögð við bráðum sjúkdómum og slysum sem upp koma á skólatíma.

Heilsugæsla Hlíðasvæðis sér skólanum fyrir þessari þjónustu. Skólalæknir er Jóhanna Jónasdóttir. Hjúkrunarfræðingur er Anna Lillý Magnúsdóttir.

Sálfræðiþjónusta

Sálfræðiþjónusta skólans er margþætt og sniðin að þörfum nemenda, foreldra og starfsmanna skólans. Meðal annars felur hún í sér þroskaþrófanir og ráðgjöf til kennara og foreldra vegna atferlis- og aðlögunarferðleika eða tilfinningalegra og geðrænna vandamála nemenda, samstarf við kennara og foreldra um atferlismeðferð, ráðgjöf tengda innritunum og útskrift nemenda, þátttöku í ráðgjafarstarfi skólans og samstarf við fagfólk utan skólans og stofnanir sem tengjast málefnum barna og unglinga. Sálfræðingur skólans er í náinni samvinnu við aðra starfsmenn skólans og situr reglubundna samstarfsfundum með skólastjórnendum, deildarstjórum og félagsráðgjafa.

Sálfræðingur skólans er dr. Tryggvi Sigurðsson og er hann með sérfræðileyfi menntamálaráðuneytisins á sviði fötulunarsálfræði.

Sjúkra- og iðjuþjálfun

Meginmarkmið iðju- og sjúkraþjálfunar í Öskjuhlíðarskóla er að vinna með börnunum í þeirra starfsumhverfi, veita ráðgjöf og leiðbeiningar til kennara, foreldra og annarra umönnunaraðila.

Í upphafi skólaárs:

- Er vinnuumhverfi nemenda skoðað, þ.e. stólar, borð, bekkir í fataklefum, og reynt að koma til móts við þarfir hvers og eins
- Eru hjálpartæki, skór/spelkur skoðuð í samvinnu við stoðtækjafraeðinga, kennara og foreldra
- Er gerð einstaklingsáætlun þar sem reynt er að virkja kennara, foreldra og leiðbeinendur eins og hægt er.

Einstaklings/hópmeðferð og ráðgjöf er veitt samkvæmt beiðni frá lækni. Ef barn þarf bæði á iðju- og sjúkraþjálfun að halda, þarf tvær beiðnir, eina fyrir iðjuþjálfun og aðra fyrir sjúkraþjálfun. Forráðamönnum er bent á að hafa samband við heimilislækni vegna þessa. Mikilvægt er að beiðnin berist í upphafi skólaárs svo strax sé ljóst hverjir óska eftir að nýta sér þessa þjónustu.

Iðjuþjálfar og sjúkraþjálfar koma frá Æfingastöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og starfa í skólanum á vegum Æfingastöðvarinnar.

Sjúkraþjálfar eru: Freyja Skúladóttir, Hafdís Ólafsdóttir og Jórunn Hafsteinsdóttir.

Iðjuþjálfari er: Helga Guðjónsdóttir

Skólatannlækningar

Skólatannlækningar hafa verið í boði í Öskjuhlíðarskóla í mörg ár. Foreldrum er boðið að nýta sér þær fyrir barnið, en þeir geta líka valið að fara með barnið til þess tannlæknis sem þeir óska (heimilistannlæknis). Það er mikilvægt að sjá til þess að börnin séu hjá einhverjum föstum tannlækni. Einnig er mikilvægt að börnin séu með vel viðgerðar tennur (eða heilar) þegar þau útskrifast úr grunnskóla. Endurgreiðslu er venjulega hætt eftir að 18 ára aldri er náð, en ef viðkomandi einstaklingur fer í örorkumat, fer endurgreiðslan síðan eftir örorkumatinu. Þar sem skólatannlæknir er einungis í skólanum á föstudögum, er foreldrum velkomið að leita til hans á stofu. Mikilvægt er að velja tannlækni eftir að nemendur útskrifast úr grunnskóla.

Tannlæknir skólans er Magnús Kristinsson.

Ýmsar upplýsingar

Forföll

Forfallist nemendur ber að tilkynna það til skólans eins fljótt og auðið er. Ritari skólans tekur á móti tilkynningum frá kl. 8.00 að morgni í síma 4117950.

Leyfi

Kennarar geta veitt nemendum tveggja daga leyfi en sækja þarf um lengri leyfi til skólastjóra á þar til gerðum eyðublöðum.

Óveður

Meti foreldrar veður eða veðurútlit svo að öruggast sé að halda börnum sínum heima, ber að tilkynna slíkt sem önnur forföll. Falli kennsla niður vegna veðurs, er það tilkynnt í Ríkisútvarpinu (Sjá nánar í „Tilkynningar“, Röskun á skólastarfi vegna veðurs).

Nestistími

Mikilvægt er að nemendur komi ávallt með gott nesti í skólann, brauð, álegg og jafnvel ávexti. Nemendur geta verið áskrifendur að mjólk í skólanum og er innheimt gjald fyrir það með gíróseðli tvisvar á skólaárinu.

Hádegisstund – skólamáltíðir

Skipulögð er hádegis-, útivistar og næðisstund inn á stundaskrá allra nemenda Öskjuhlíðarskóla. Fræðslumiðstöð lét gera útboð á bakkamat fyrir þá grunnskóla borgarinnar sem ekki hafa mótuneytisaðstöðu. Foreldrum gefst kostur á að kaupa heitan bakkamat fyrir börn sín í hádeginu. Fyrirtækið Eldhús sælkerans er sá aðili sem veitir Öskjuhlíðarskóla þessa þjónustu. Fyrirtækið sér sjálft um innheimtu greiðslna fyrir bakkamatinn.

Sundnámskeið

Sundnámskeið verða í Sundhöll Reykjavíkur fyrir nemendur 6. – 10. bekkjar 11.-27. október og 15.-30. mars.

Þeir nemendur sem eru með fasta sundtíma á stundaskrá allan veturinn taka ekki þátt í sundnámskeiði.

Félagsstörf nemenda

Félagsstarf er skipulagt fyrir nemendur í 6. - 10. bekk. Starf þetta fer fram að kvöldi til, að jafnaði einu sinni í mánuði. Markmið félagsstarfsins er að gefa nemendum færi á að hitta skólafélaga sína utan skólatíma og að þeir geri eitthvað skemmtilegt saman. Einnig er fyrirverandi nemendum skólans gefinn kostur á að halda sambandi sínu við gamla skólafélaga sína og vini en þeim er boðið að taka þátt í tveimur tilboðum félagsstarfsins á hverjum vetri.

Áætlun um félagsstarf nemenda veturinn 2009 – 2010

September.....Opið hús (fyrirverandi nemendum skólans er boðin þátttaka).

Október.....Keila.

NóvemberOpið hús.

Desember.....Bíóferð.

Janúar.....Keila

Febrúar.....Bíóferð.

MarsVöflukvöld. (fyrirverandi nemendum skólans er boðin þátttaka).

Apríl.....Út að borða.

Maí.....Opið hús (fyrirverandi nemendum skólans er boðin þátttaka)

Júní.....Keila

Umsjón með félagsstörfum nemenda hafa:

Baldur Þorsteinsson íþróttakennari,

Birgir Þór Baldvinsson kennari,

Skólaakstur

Skólabílar aka nemendum af öllu höfuðborgarsvæðinu til ýmissa skóla og stofnana. Aksturinn hefst kl. 7.00 að morgni og honum lýkur um kl. 18.00. Strætó b.s. rekur skólaakstur fatlaðra, en fyrirtækið Allrahanda er verktaki og sér um skólaaksturinn.

Allar breytingar á akstursþörf nemenda og tilfallandi forföll þurfa foreldrar að tilkynna til viðkomandi bílstjóra eða í síma 660 1325 (Kristinn Stefánsson).

Skóladagvist

Allt frá einsetningu Öskjuhlíðarskóla hafa stjórnendur skólans lagt ríka áherslu á að öllum nemendum skólans gefist kostur á skóladagvist. Frá haustinu 2004 hefur Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur (ÍTR) komið til samstarfs um rekstur skóladagvistarinnar. Starfsemin fer fram í húsnæði á vegum skólans, en starfsmannahald, mannaáðningar og skipulag hins daglega starfs í skóladagvistinni er á hendi ÍT

[Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkurborgar](#)

Foreldra- og styrktarfélag Öskjuhlíðarskóla

Foreldra- og styrktarfélag Öskjuhlíðarskóla hefur starfað við skólann frá stofnun hans. Stærsta verkefnið á vegum félagsins hefur verið rekstur sumardvalar fyrir nemendur skólans, sem mikill meirihluti þeirra hefur nýtt sér ár hvert. Félagið er eitt af aðildarfélögum Landssamtakanna Proskahjálpar. Formaður félagsins er Ragnheiður Sigmarsdóttir.

Íþróttafélagið Ösp

Íþróttafélagið Ösp var stofnað 18. maí 1980 af Foreldra- og kennarafélagi Öskjuhlíðarskóla, með stuðningi frá Íþróttasambandi fatlaðra.

Markmið félagsins er að standa fyrir sem fjölbreyttustum íþróttæfingum fyrir félagi sína, þeim til heilsubótar og ánægju, og að þeir taki þátt í íþróttum þar sem hæfni hvers og eins nýtur sín sem best. Íþróttafélagið Ösp er opið öllum sem áhuga hafa á þeim íþróttum sem æfðar eru hjá félaginu. Formaður félagsins er Ólafur Ólafsson.

[Æfingatafla íþróttafélagsins Aspar, haustið 2009](#)